

elsi í 7 daga. Þá ber og að svipta kærðan ökuleyfi í 3 mánuði. Loks greiði hann kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Mánudaginn 7. desember 1936.

Nr. 148/1936. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Carl Kreutzfeldt (Sveinbjörn Jónsson).

Ólöglegur innflutningur áfengis og tóbaks.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. apríl 1936: Kærður, Carl Kreutzfeldt, greiði 5300 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 130 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Flutningaskipið Krusaa er að veði til tryggingar greiðslu sektar og málskostnaðar og má kyrrsetja það og selja að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggju.

Hið innflutta áfengi og tóbak er upptækt gert og skal vera eign rikissjóðs.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Á það má fallast, að brot kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, beri að heimfæra undir 2. sbr. 27. gr., 1. tölulið áfengislaga, nr. 33/1935, og 1. sbr. 15. gr. laga um einkasölu rikisins á tóbaki, nr. 58/1931. Þykir refsing kærða fyrir brot þessi, samkvæmt nefndum ákvæðum laganna, og að meðtaldri 40 króna sekt fyrir hvern lítra hins innflutta áfengis, en þeir voru samtals 63, hæfilega ákveðin

4000 króna sekt, er renni í menningarsjóð, og komi í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, einfalt fangelsi í 3 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku ólöglega innflutts áfengis og tóbaks svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Hér fyrir rétti er það upplýst, að kærði hefir þegar greitt ríkissjóði sekt þá, er dæmd var á hendur honum í héraði, ásamt sakarkostnaði þar. Þar eð taka má greiðslu af fé þessu til lúkningar sekt og sakarkostnaði, sem kærða er gert að greiða með þessum dómi, þykir ekki þörf á að dæma veð í skipinu „Krusaa“ fyrir upphæðum þessum.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Carl Kreutzfeldt, greiði 4000 króna sekt í menningarsjóð, og komi í stað sektarinnar einfalt fangelsi í 3 mánuði, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku ólöglega innflutts áfengis og tóbaks og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh.

Stefánssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Carl Kreutzfeldt, bryta á flutningaskipinu Krusaa frá Kaupmannahöfn, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33, 1935 og lögum nr. 58 frá 1931 um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Við tollskoðun, er fram fór í flutningaskipinu Krusaa, þegar það kom með saltfarm til Keflavíkur þann 6. þ. m. fundust faldar viðsvegar um skipið 70 flöskur af Whisky, 14 flöskur af Aalborgar Ákavíti og 5400 Camel cigarettur.

Kærður í máli þessu hefir játað, að hann væri eigandi að áfenginu og tóbakinu og kveðst hafa keypt það tollfritt í Skotlandi og falið það í skipinu.

Hinsvegar kveðst hann ekki hafa ætlað að selja það hér á landi.

Rétturinn litur svo á, með tilliti til þess, hve mikið áfengi kærður flutti hingað, falið í skipinu, þá verði að telja, að hann hafi haft í hyggju að selja það hér á landi og samkvæmt því beri að heimfæra brot hans undir lög nr. 33, 1935, 2. gr. sbr. 27. gr. 1. tölulið.

Tóbaksinnflutning kærðs ber að heimfæra undir 1. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 58, 8. sept. 1931 um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Þykir refsing sú, er kærður hefir með áðurgreindum verknaði sínum til unnið, hæfilega ákveðin, að meðtaldri 40 króna sekt fyrir hvern litra hins innflutta áfengis, kr. 5300.00 og komi einfalt fangelsi í 130 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað. Flutningaskipið Krusaa er að veði til tryggingar greiðslu

sektar og málskostnaðar og má kyrrsetja það og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar hvorutveggja.

Hið innflutta áfengi og tóbak er upptækt gert og skal vera eign ríkissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 7. desember 1936.

Nr. 130/1936. **Réttvísir** (Theódór B. Lindal)
gegn

Jóni Harry Bjarnasyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir að veitast að tveimur framfærslufulltrúum með ofbeldi og skammaryrðum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. júlí 1936: Ákærður, Jón Harry Bjarnason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Stefáns Jóh. Stefánssonar, kr. 50.00

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Framfærslufulltrúa þá, er fyrir verknaði ákærða, þeim er lýst er í hinum áfrýjaða dómi, urðu, verður að telja meðal þeirra opinberra sýslunarmanna, sem í 101. gr. almennra hegningarlaga greinir, en athafnir ákærða varða að nokkru við 1. mgr. 99. og að nokkru við 102. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða fyrir þær hæfilega ákveðin samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra laga tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þessari breytingu og